

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
vegna Félags grunnskólakennara**

73. fundur samstarfsnefndar Kennarasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna Félags grunnskólakennara var haldinn mánudaginn 25. september 2017 í Borgartúni 30 og hófst hann kl. 13:30

Fundinn sátu: Guðbjörg Ragnarsdóttir og Ólafur Loftson frá FG. Af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Atli Atlason og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð. Inga Rún Ólafsdóttir og Rósa Ingvarsdóttir sátu fundinn undir 1. dagskrárlíð.

Þá var gengið til dagskrár:

1. Úrvinnsla á upplýsingum frá sveitarfélögum / skólum vegna bókkunar 1. – 1701067SA

Málið rætt.

2. Erindi þar sem spurt er hvort störf við skammtímvistun fatlaðara sem metinn eru vegna starfa í leikskóla séu metin til kennsluferils í grunnskóla. – 1708027SA

Um er að ræða starfsmann sem starfað hefur á leikskóla þar til hann hóf störf sem kennari við grunnskóla 1. ágúst s.l. Meðan hlutaðeigandi starfaði við leikskóla var metinn 14 ára starfsferill og þar með talin störf starfsmannsins við skammtímvistun fatlaðara. Þegar viðkomandi hefur störf í grunnskóla er umrædd störf við skammtímvistun fatlaðra ekki metin til kennsluferils.

Niðurstaða:

Í grunnskóla er starfsferill við skammtímvistun fatlaðra ekki metinn til kennsluferils.

Í grunnskólanum er einungis metinn kennsluferill við skólaföngunir ríkis og sveitarfélaga sem starfa samkvæmt lögum og námskrá sem menntamálaráðuneytið setur. Þetta þýðir að kennsluferill úr grunn-, leik-, framhalds- og tónlistarskóla er metinn þegar kennari hefur störf í grunnskóla og eiga þessar skólagerðir einnig við þegar starfsmaður hefur störf í leikskóla.

3. Uppbrotisdagar, frímínútur, vinnuframlag og fjöldi. – 1708029SA

Málið rætt, afgreiðslu frestað meðan fulltrúar SNS afla frekari upplýsinga.

4. Önnur mál

Kynning á erindi stjórnar Vonarsjóðs FG og SÍ dags 3. júlí 2017.

Aðilar eru sammála um að bóka sameiginlegan fund samstarfsnefnda SÍ/FG og SNS þar sem málið verður til umfjöllunar.

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:30